

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Magnúsi Guðjónssyni húasmiðameistara og Ægi Ólafssyni stórkaupmanni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Páll Þorgeirsson & Co., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Gunnarssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudagur 8. mars. 1984.

Nr. 3/1983. **Freygerður Kristjánsdóttir**
Ingibergur Þorkelsson og
Kórund h/f

(Stefán Pálsson, hrl.)

gegn

Jóni Oddssyni
og gagnsök
(sjálfur)

Vixilmál. Afsagnarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefndu 5. janúar 1983. Dómkröfur þeirra í aðalsök eru þær, að þeim verði einungis gert að greiða höfuðstól þeirra víxla, er greinir í héraðsdómi, og gagnáfrýjanda verði gert skylt að afhenda þeim tryggingarbréf, útgefið 2. desember 1980, tryggt í Kirkjuteigi 5, Reykjavík.

Þá verði gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök krefjast aðaláfrýjendur sýknu af öðrum kröfum, en greiðslu höfuðstóls stefnufjárhæðar í héraði.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1983.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjendur Freygerður Kristjánsdóttir og Kórund h/f verði dæmd til að greiða sér in solidum 55.000.00 krónur með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til 1. nóvember 1982, 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1982 til 21. október 1983, 4,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. október 1983 til 21. nóvember 1983, 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. nóvember 1983 til 21. desember 1983, 3,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. janúar 1984, en 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. janúar 1984 til greiðsludags og 66.00 krónur í afsagnarkostnað.

Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi Kórund h/f verði dæmd til að greiða sér 80.000.00 krónur með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til 1. nóvember 1982, 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1982 til 21. október 1983, 4,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. október 1983 til 21. nóvember 1983, 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. nóvember 1983 til 21. desember 1983, 3,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. desember 1983 til 21. janúar 1984, en 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. janúar 1984 til greiðsludags og 132.00 krónur í afsagnarkostnað.

Enn krefst gagnáfrýjandi þess, að staðfestur verði veðréttur gagnafrýjanda á annarri hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig hér í borg, eign aðaláfrýjanda Ingibergrs Þorkelssonar, til tryggingar ofangreindum upphæðum auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, allt samkvæmt tryggingarbréfi, útg. 2. desember 1980 f.h. Kórund h/f, en árituðu um veðleyfi af eiganda.

Loks krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendum, Freygerði Kristjánsdóttur, Ingibergr Þorkelssyni og Kórund h/f, verði gert að greiða gagnafrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er ranglega vitnað til 207. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði í stað 208. gr., 2. mgr., sömu laga.

Er hinir umstefndu víxlar voru afsagðir í þeim bönkum, þar sem þeir voru vistaðir, voru aðaláfrýjendur eigi staddir þar. Þeir gátu því ekki vitað, að víxlarnir hefðu verið sýndir þar til greiðslu. Þá vitneskju fengu þeir þá fyrst er innheimtubréf gagnáfrýjanda kom til vitundar þeirra.

Er aðaláfrýjendur fengu innheimtubréf gagnáfrýjanda í hendur, neyttu þeir eigi réttar síns, sbr. 39. gr. víxillaga nr. 93/1933, til að greiða höfuðstól víxlanna og láta síðan á það reyna, hvort þeim bæri einnig að greiða innheimtulaun og vexti. Vanskil aðaláfrýjanda eru því veruleg, og breytir ágreiningur þeirra um greiðslu vaxta og innheimtulauna þar engu um.

Með þessum athugasemdum og öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, er leiðir af vaxtakröfubreytingu gagnáfrýjanda, svo og því, að afsagnarkostnaður er ekki tekinn til greina, sbr. 46. gr., 3. mgr., víxillaganna, þar sem allir víxlanna báru áletrunina „án afsagnar“.

Eftir þessum málalokum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 30.000.00 krónur, og skiptist svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að afsagnarkostnaður er ekki tekinn til greina, og dráttarvextir af tildæmdum víxilfjárhæðum skulu reiknast 4% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til 1. nóvember s.á., 5% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. október s.á., 4.75% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. desember s.á., 3.25% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 2.5% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur, Freygerður Kristjánsdóttir, Ingibergur Þorkelsson og Kórund h/f, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Jóni

Oddsyni, 10.000.00 krónur, en aðaláfrýjandi Kórund h/f greiði einn gagnáfrýjanda 20.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Staðfestur er veðréttur gagnáfrýjanda í annarri hæð hússins nr. 5. við Kirkjuteig í Reykjavík, eign aðaláfrýjanda Ingibergs Þorkelssonar, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum, allt skv. tryggingarbréfi, útgefnu 2. desember 1980 f.h. Kórund hf, en árituðu um veðleyfi af eiganda.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Er aðaláfrýjendur hafa fullnægt dómi þessum, ber gagnáfrýjanda að afhenda þeim tryggingarbréf að fjárhæð 13.500.000 gamlar krónur, útgefið f.h. aðaláfrýjanda Kórund h/f 2. desember 1980, tryggt með 10. veðrétti í 5 herbergja íbúð á 2. hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig í Reykjavík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, þinglesinni eign aðaláfrýjandans Ingibergs Þorkelssonar.

Dómur bæjarþings Reykavíkur 15. desember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. desember sl., hefur Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður, nnr. 5173-1867, Garðastræti 2, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. október sl., á hendur Freygerði Kristjánsdóttur, nnr. 2376-6299, Kirkjuteigi 5, Reykjavík, og Ingibergi Þorkelssyni, nnr. 4581-5749, sama stað, báðum persónulega og f.h. hlutfélagsins Kórund, nnr. 5690-2007, í Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur: „Að stefndu, Freygerður Kristjánsdóttir og Kórund h.f. verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda kr. 55.000.00 auk 4% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. október 1982 til greiðsludags, kr. 66,00 í afsagnarkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., að mati virðulegs réttar.

Að stefnda Kórund h.f. verði dæmd til að greiða stefnanda, kr. 80.000.00 auk 4% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. október 1982 til greiðsludags, kr. 132,00 í afsagnarkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati virðulegs réttar.

Að stefndu Kórund h.f. og stefnda, Ingibergi Þorkelssyni verði gert að þola með aðfararhæfum dómi viðurkenningu á veðsetningu 5 herb. íbúðar á 2. hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig í Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðar-

réttindum, þinglesin eign stefnda Ingibergs (telst 33% alls hússins), skv. tryggingarbréfi útgefnu 2. desember 1980 af stefndu Kórund h.f. með árituðu veðleyfi stefnda Ingibergs sama dag, nr. 27846/1980, en eignin er þar veðsett með 10. veðrétti, en er nú á 6. veðrétti, til tryggingar greiðslu ofangreindra dómkrafna þ.e. samtals kr. 135.000,00 auk dráttarvaxta og alls kostnaðar og auk þess er gerð krafa in solidum á stefndu til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati virðulegs réttar.“

Stefndu hafa látið sækja þing og gert þær dómkröfur, að Kórund h.f. greiði aðeins víxilupphæðirnar og afsagnarkostað, en hvorki dráttarvexti né innheimtu eða málskostnað. Einnig að tryggingarbréfið verði afhent Kórund h.f. til aflýsingar, þegar víxlarnir hafa verið greiddir.

Sátt hefur verið reynd í dómnum án árangurs.

Stefnandi byggir málsókn sína á því, að hann sé handhafi þriggja víxla auk tryggingarbréfs. Víxlarnir séu samtals að fjárhæð kr. 135.000,00 og allir á gjalddaga við sýningu, en tryggingarbréfið sé til tryggingar greiðslum víxlanna. Tveir víxlanna séu útgefnir og ábektir af Ólafi Úlfarssyni, Mávanesi 2, Garðabæ, 6. september í Reykjavík árið 1982 og báðir á gjalddaga við sýningu og séu þeir að fjárhæð kr. 60.000,00 og kr. 20.000,00, eða samtals kr. 80.000,00. Útgefandi hafi fallið frá afsögn á víxlunum. Báðir séu víxlarnir samþykktir f.h. Kórund h.f. af stefndu Freygerði Kristjánsdóttur til greiðslu í Samvinnubanka Íslands h.f., Reykjavík, þar sem þeir hafi verið afsagðir sökum greiðslufalls 7. október 1982. Þriðji víxillinn sé að fjárhæð kr. 55.000,00, útgefinn 6. september 1982, af stefndu Freygerði og framseldur af henni og falli hún frá afsögn. Vixillinn sé á gjalddaga við sýningu og samþykktur af stefndu Freygerði f.h. Kórund h.f. til greiðslu í Sparisjóði vélstjóra í Reykjavík, þar sem víxillinn hafi verið afsagður sökum greiðslufalls 7. október 1982. Veðtryggingarbréfið með víxlunum sé útgefið 2. desember 1980 af stefndu Freygerði Kristjánsdóttur f.h. Kórund h.f. til tryggingar skaðlausri og skilvisri greiðslu á víxilskuldum við handhafa víxla, hvort það er höfuðstóll, dráttarvextir, kostnaður, þ. m. t. innheimtukostnaður hverju nafni sem nefnist, váttryggingargjald, sem veðhafi greiðir, að engu undanskildu, eftir reikningi hans, svo og til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum, í hvaða formi sem sé, sem Kórund h.f., Laugavegi 15, Reykjavík, skuldi eða skulda kunní, allt að fjárhæð kr. 135.000,00 (gkr. 13.500.000) auk dráttarvaxta og alls kostnaðar. Veðsett sé skv. árituðu veðleyfi handhafa 5 herb. íbúð á 2. hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig í Reykjavík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, þinglýst eign Ingibergs Þorkelssonar (33% alls hússins). Eignin sé veðsett með 10. veðrétti næst á eftir tilgreindum veðskuldum á 1.-9. veðrétti. Skv. veðbókarvottorði 6. október 1982 sé umrædd veðsetning nú talin 6. veðréttur. Stefndi Ingi-

bergur áriti tryggingarbréfið um veðleyfi sem þinglýstur eigandi 2. desember 1980. Skjalinu sé þinglýst, skjal nr. 27846/80 hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Stefnandi heldur því fram, að víxlarnir hafi verið sýndir á greislustað, en ekki fengist greiddir og því verið afsagðir. Kórund h.f. sé skrásett hlutafélag í Reykjavík og skráður stjórnarformaður sé stefndi Ingibergur Þorkelsson, sem ásamt Hrafnhildi Jónsdóttur og stefndu Freygerði Kristjánsdóttur hafi sjálfstætt prókúruumboð. Af hálfu stefnanda er vísað til 17. kafla laga 85/1936, laga 93/1933, sbr. 39. gr. laga nr. 19/1947, laga 57/1949, sbr. lög um veð 4. nóvember 1887, 3. gr. laga 32/1978 svo og gjaldskrár L.M.F.Í. Umrædd skjöl hafa verið lögð fram.

Af hálfu stefndu er það viðurkennt, að til séu þrír víxlar, sem svari til lýsingar í stefnu, þótt útgáfudagur víxlanna komi þeim spáskt fyrir sjónir. Á þá víxla sé rituð staðfesting þess, að þeir séu tryggðir með tryggingarbréfi því, sem einnig sé lýst í stefnunni. Þá er á það bent, að í stefnu komi fram, að stefnandi hafi þann 6. október sl. aflað sér veðbókarvottorðs. Þann 7. október sl. séu víxlarnir afsagðir og innheimtubréf til stefnda sé dags. 8. október sl. Í innheimtubréfunum sé krafist greiðslu víxilupphæðanna ásamt vöxtum og kostnaði, kr. 15.071.45. Kórund h.f. hafi þannig ekki gefist kostur á að greiða víxlana án kostnaðar. Ábyrgðar- og hraðbréfi Kórunds h.f., dags. 11. október, hafi stefnandi svarað með útgáfu stefnu 15. október. Bæði Samvinnubankinn og Sparisjóður vélstjóra hafi vottað skriflega, að umstefndir víxlar hafi ekki verið til innheimtu hjá þeim og því hafi engar tilkynningar verið sendar til Kórunds h.f. um víxlana. Fulltrúi borgarfógeta, Þorkell Gíslason, hafi sagt stefndu, að Jón Oddsson hrl. hafi falið sér að sýna víxlana. Það hafi hann gert í afgreiðslusölum bankanna, en síðan afsagt víxlana. Stefndu halda því fram, að fullljóst sé af málavöxtum, að stefnandi hafi ætlað sér að innheimta víxlana með hæstu mögulegur innheimtulanum og kostnaði og að gefa stefndu ekki kost á öðru.

Álit dómsins.

Í málinu er ekki um það deilt, að Kórund h.f. skuldar höfuðstól umstefndra víxla. Kröfum stefnanda um staðfestingu veðréttar í annarri hæð hússins að Kirkjuteigi 5, Reykjavík, er ekki mótmælt. Afsagnarkostnaður er viðurkenndur. Dómkröfur þessa efnis eru þannig teknar til greina.

Varnir stefndu lúta að greiðslu dráttarvaxta og innheimntu- eða málskostnaðar og varða aðferðir við að halda víxilkröfu í gildi að víxilrétti. Samkvæmt 2. mgr. 207. gr. l. 85/1936 verða varnir þessar hafðar uppi í víxilmáli.

Freygerður Kristjánsdóttir er útgefandi á víxli að upphæð kr. 55.000.00.

Með hliðsjón af 44. gr., 3. mgr. in fine, sbr. 44. gr., 2. mgr., er ekkert því í vegi, að víxilhafi láti afsögn og sýningu til greiðslu fylgjast að. Þá

hefur Freygerður Kristjánsdóttir lýst því yfir með áritun á víxilinn, að afsögn hans sé óþörf. Telja verður því, að hún sé ábyrg fyrir greiðslu hans.

Samkvæmt vottorðum Samvinnubanka Íslands og Sparisjóðs véltjóra voru umstefndir víxlar aldrei til innheimtu í téðum bankastofnunum, en samkvæmt texta víxlanna var umsaminn greiðslustaður tveggja þeirra í Samvinnubankanum, en eins í Sparisjóði véltjóra. Stefnandi hefur ekki mótmælt þessu. Fallast verður þannig á það með stefndu, að þeim hafi ekki gefist kostur á að greiða víxlana í umsömdum greiðslustöðum. Stefnandi sendi stefndu innheimtubréf, dags. 8. október sl. Þar er þeim tilkynnt afsögn víxlanna.

Með bréfi, dags. 11. október sl., viðurkenna stefndu móttöku þessa bréfs. Stefndu fóru þó ekki á skrifstofu stefnanda og buðu fram greiðslu höfuðstóls víxlanna, en ósannað er, að stefnandi hefði ekki tekið á móti því, sbr. 33. gr. 1. 93/1933. Þegar þetta er virt, þykir mega taka dráttarvaxtakröfu stefnanda til greina frá 11. október sl., því stefndu hafa ekki sannað, að þau hefðu þá ekki mátt leysa sig undan víxilábyrgð sinni.

Rétt þykir með tilliti til þessarar niðurstöðu, að stefndu eigi að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn í heild kr. 20.000.00 og skiptist eins og greinir í dómsorði.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu Freygerður Kristjánsdóttir og Kórund h.f. greiði in solidum stefnanda, Jóni Oddssyni hrl., kr. 55.000.00 auk 4% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til greiðsludags, kr. 56,00 í afsagnarkostnað og kr. 5.000,00 í málskostnað.

Stefndi Kórund h.f. greiði stefnanda, Jóni Oddssyni hrl., einnig kr. 80.000.00 auk 4% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til greiðsludags, kr. 132,00 í afsagnarkostnað og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dómskuldin greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Staðfestur er veðréttur stefnanda, Jóni Oddssyni hrl., til handa í annarri hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig hér í borg eign stefnda Ingibergs Þorkelssonar til tryggingar ofangreindum upphæðum, allt samkv. tryggingarbréfi, útgefnu 2. desember 1980 f.h. Kórund h.f., en árituðu um veðleyfi af eiganda.